

Name of the University:

The University of Economics, Prague (Vysoká škola ekonomická v Praze (VŠE)).

Names of the students: Hrafnhildur Sigurðardóttir**Exchange semester:** Fjórða önn Vor, 2010**I GENERAL INFORMATION ABOUT THE SCHOOL****1. Describe the school and its surroundings – very short**

Skólinn er staðsettur í ágætis hverfi en er mjög nálægt miðbænum í Prag. Það tekur 5 mínútur með sporvagn að komast frá skólanum að miðbænum og 15 mínútur að taka sporvagninn frá heimavistinni að skólanum. Í kringum skólann eru nokkrar búðir og ágætis veitingastaðir. Bak við skólann er risastór garður með frábæru útsýni yfir Prag. Skólabyggingin er mjög stór og henni er skipt í 3 hluta. Nýja byggingin, gamla byggingin og svokallaða Paradísar byggingin en sú bygging var nýleg. Skiptinemar eru svo lánsamir að fá yfirleitt úthlutaðar bestu kennslustofurnar og betri tölvuherbergi heldur en tékknesku nemendurnir. Í skólanum er að finna bókasafn, 3 mötuneyti, kaffihús og bóksölu.

2. Current faculty divisions and special areas.

Námið í háskólanum skiptist í eftirfarandi deildir; “Faculty of Finance and Accounting”, “Faculty of International Relations”, “Faculty of Business Administration”, “Faculty of Informatics and Statistics”, “Faculty of Economics and Public Administration” og “Faculty of Management”.

3. Number of students - graduate and undergraduate – number of exchange students

Það eru 170 skiptinemar í háskólanum. Nemendur í bachelor náminu eru aðeins fleiri en þeir sem eru á masterstigi en samt er skiptingin frekar jöfn.

4. Study structure

Skólinn býður uppá marga skemmtilega kúrsa. Kúrsarnir eru mjög ólíkir, bæði þegar kemur að uppbyggingunni á náminu, mati og vinnuálagi. Hægt er að velja venjulega kúrsa, sem eru vanalega 6 einingar, eða stutta kúrsa (svokallaða intensive courses) en þeir eru frá 3 upp í 7 einingar og fer það eftir lengd kúrsins og vinnuálagi. Það sem frábært er við þennan skóla er að hægt er að velja sjálfur alla sína kúrsa og ef kúrsinn er kenndur oftast en einu sinni í viku þá er hægt að velja þann tíma sem hentar þér og svo pússtar þú sjálfur saman stundatöflunni þinni.

II PRACTICAL INFORMATIONInformation before you left

- **When did you receive the information package from the University?**
Ég fékk aldrei sendan neinn upplýsingapakka frá háskólanum. Held þó að það hafi e-ð misfarist í póstinum. Aftur á móti eru allar upplýsingar á netinu mjög aðgengilegar og upplýsingar í pdf skjölum svo að í raun er óþarfi að senda þá yfir hafið. Sömuleiðis er skólinn í stöðugu tölvupóstsambandi við þig og upplýsir þig um allt sem þú þarft að gera áður en þú kemur út. Mikilvægt er þó að fylgjast vel með póstinum, lesa alltaf, og jafnvel eins og ég gerði, vista allan póst sem þú færð frá þeim til að halda utan um allar upplýsingarnar. Mjög auðvelt er að senda fyrirspurn, þú fært fljótt svar og tengiliðirnir eru mjög hjálpsamir.
- **Any difficulties?**
Engin vandkvæði.

Visa Procedure and travel experiences

- **What problems, if any did you encounter?**
Engin þörf er á visa til Tékklands þar sem Ísland er partur af Schengen sáttmálanum. Engin vandkvæði.
- **Does the visa cost anything?**
Ekki er þörf á visa.
- **How did you order your ticket – any problems?**

Þegar ég fór út til Tékklands (vor 2010) var ekki í boði að taka beint flug frá Íslandi til Prag. Ég pantaði mér flug til London með Iceland Express og þaðan með EasyJet til Prag. Ég pantaði flugmiðana á netinu og engin vandamál komu þar upp.

Academic Calendar

- **Arrival date – introductory week**
Ég kom til Prag þann 5.febrúar en það var fyrsti dagurinn sem hægt var að flytja inn á heimavistina. Fyrsta vikan í skólanum var kynningarvika en hún fór fram frá 8.-12.febrúar.
- **First day of the semester?**
Fyrsti skóladagurinn var þann 15.febrúar.
- **Last day of classes?**
Síðasti skóladagurinn er 13.maí, hins vegar ef þú ert í stuttum kúrs (intensive course) þá getur þú þurft að mæta í skólann seinna. Í mínu tilfalli þá kláraði ég skólann 13.maí en ferðaðist svo þar til 24.-28.maí því þá átti ég eftir einn stuttan kúrs.
- **Examination period?**
Prófavikurnar eiga að vera frá 14.maí til 24.júní en það á aðallega við um tékknesku nemendurna. Kennararnir, sem kenna okkur skiptinemunum, eru í langflestum tilfellum búnir að leggja fyrir lokaprófin í síðustu kennsluvikunni því þeir vita að við viljum fara heim sem fyrst eða ferðast. Þannig að gera má fastlega ráð fyrir því að klára prófin í síðustu kennsluvikunni. Sem dæmi þá veit ég aðeins um einn skiptinema sem var í kúrs þar sem kennarinn lagði fyrir lokaprófið í „prófavikunni“ og það var algjör undantekning frá því sem aðrir voru að gera.
- **Any special events?**
Kynningarvikan er full af nauðsynlegum fyrirlestrum um dvölinu og upplýsingum um hvernig eigi að lifa í Prag. Í lok kynningarvikunnar var farið í svokallaða „Ice-breaking weekend“ út í sveit þar sem ýmiss konar hópefli átti sér stað og auðvitað party til að hrista nemendurna saman. Ég mæli eindregið með því að fara í þessa ferð.

Reception

- **How was the reception at the school?**
Móttakan var óaðfínanleg. Það er greinilegt að skólinn leggur mjög mikla áherslu á að láta skiptinemunum sínum líða vel.
- **Was the administration and faculty well prepared for your arrival?**
Móttakan var mjög vel skipulögð og útteilingin tóks vel, aftur á móti eru skiptinemarnir mjög margir og því þurfti maður að standa oft lengi í röð til að fá hitt og þetta s.s. spurvagnakortið, stúdentakortið, upplýsingapakka um Prag, tölvuaðgangsnúmerið þitt, upplýsingapakka frá „The Buddy system“ (sem er hópurinn/samtökin sem sér/sjá um alla viðburði fyrir skiptinemana) o.s.frv.
- **Did the school's students participate in the reception of the exchange students?**
Já, því þetta „Buddy system“ eins og það kallast, er hópur af eldri nemendum í skólanum. Þeir sjá um alla viðburði fyrir skiptinemana sem og hjálpa manni við allt það sem kann að koma uppá meðan á dvöl þinni stendur. Þessir nemendur voru með kynningar ásamt því að hjálpa við útteilingu á upplýsingum sem skiptinemarnir fengu í kynningarvikunni.

Housing

- **Did you have housing at your disposal or did you have to find your own housing?**
Skólinn ráðstafar öllum þeim skiptinemum, sem vilja búa í heimavist, plássu á heimavistinni. Um er að ræða litla íbúð með klósetti, litlu athafnasvæði til eldamennsku, sturtuherbergi og skáaplássi. Inní íbúðinni eru tvö herbergi, hvort með tveimur rúmum. Ekki er hægt að fá einstaklingsherbergi. Þú færð úthlutaðan skiptinema til að deila herbergi og íbúð þegar nær dregur að komu þinni til Prag. Satt best að segja er heimavistin gömul og húsgögnin gömul og ég þurfti smá aðlögunartíma því að ég er vön miklu meiri lúxus og meira næði fyrir sjálfa mig. Aftur á móti mæli ég eindregið með því að velja heimavistina fram yfir eigin íbúð, jafnvel þó þú sést að koma með vini þínum til Prag. Það er svo mikið félagslíf á heimavistinni og eftir smá tíma ferðu að elska heimavistina þrátt fyrir veikleikana. Sömuleiðis sáu allir þeir skiptinemar sem ég þekkti, mjög mikið eftir því að flytja í eigið húsnæði því þeir einangrast sjálfkrafa smá frá félagslífinu og þurfa

að hafa miklu meira fyrir því að kynna fólk. Fyrir utan muninn á kostnaði, því heimavistin er MJÖG ódýr. Einnig vil ég benda á að þegar þú sækir um skiptinám í upphafi þá þarft þú að segja hvort þú vilt fá að dvelja í heimavistinni eða ekki. Þar geturu einnig valið um hvort þú vilt dvelja í „Jarov F“ eða „Jarov G“. Veldu Jarov F. Sú bygging er nýlegri og aðstaðan er satt best að segja miklu betri en í Jarov G.

- **What support did you receive from the school in locating housing?**
The Buddy system úthlutar þér svokölluðum „buddy“ sem er tékkneskur nemandi úr skólanum. Hann á að hjálpa þér að komast í gegnum fyrstu dagana, s.s. sækir hann þig á flugvöllinn og fer með þig í heimavistina, hjálpar þér að skrifa undir heimavistarsamninginn og borga, finna næstu matvöruverslun og þess háttar. Sömuleiðis er gaman að kynna tékkneskum einstaklingi sem getur orðið vinur þinn, sýnt þér Prag og er alltaf til staðar ef þú þarft á honum að halda. Þetta er gert því þú rekst oft á það í Prag að afgreiðslufólk er ekki með góða enskukunnáttu.
- **Any special issues or good ideas for prospective students?**
Velja Jarov F, ekki fara í eigið húsnæði.

Costs

- **Describe the most important expenses such as rent, books, food, etc.**
Það er mjög auðvelt að komast af í Prague án þess að eyða miklu. Heimavistin kostaði mig (vorönn 2010) aðeins 65.000 íslenskar krónur fyrir allan tímann. Aftur á móti færð þú íbúðina afhenta með tómunum skápum, aðeins einni hellu. Þess vegna fer það eftir hverjum og einum hvað hann vill kaupa mikið af eldhúshöldum og annars konar dóti til eldamennsku. Ég eyddi meira en margir og ég eyddi ca. 25.-30.000 ISK í potta, pönnur, lampa o.fl. til að gera íbúðina meira kósí og heimilislega. Af einhverri ástæðu er ekki algengt að nemendur þurfi að kaupa skólabækur í flestum áföngum. Hægt er að leigja þær á bókasafninu og þú færð mikið af ljósrituðu efni eða þarft sjálfur að prenta út það sem þú færð sent. Þú þarft að greiða ca. 10.000 ISK fyrir ýmis kort s.s. sporvagnakort, stúdentakort o.fl. Matur er ódýrari en á Íslandi og hægt er að finna mikið af ódýrum mat í stórmörkuðum en svo er líka hægt að kaupa mat sem er á svipuðu verði og herna heima. Ef þig langar að ferðast þá er hægt að ferðast til nálægra borga og landa mjög ódýrt með rútum og dvelja á ódýrum hostelum. Ég vil samt nefna aftur að það er HÆGT að komast af mjög ódýrt í Prag ef þú ert meðvitaður um hvar skal leita eftir ódýrum vörum EN það er líka hægt að eyða miklum pening í Prag ef þú ert stöðugt á ferðamannaverðlögðum svæðum og spáir ekki í verðlag úti í matvöruverslunum.

The International Office

- **Is there an international office?**
Já.
- **Who is responsible for incoming exchange students?**
Alþjóðadeildin og „The Buddy system“.
- **How does the international office function?**
Hægt er að nálgast þau í skólanum á skrifstofutíma og fá viðtal. Einnig er ekkert mál að senda email og þú færð fljótt svar.
- **Do you receive all relevant information?**
Já, allt var mjög skiljanlegt og án vandkvæða.

Exchange promotion

- **What kind of activity did you take part in to promote exchange to Iceland at your exchange university?**
„The Buddy system“ heldur vikulega party sem kallast nation to nation (e. N2N) sem er haldið á hverjum þriðjudegi á mismunandi skemmtistöðum. Hvert party er tileinkað ákveðnu landi eða heimshluta. Ísland var partur af Norður-Evrópu og við höldum power point kynningu, vorum með matar- og vínsmakk frá löndunum okkar og vorum með leiki fyrir hina skiptinemana. Engar kynningar voru haldnar þar sem við áttum að kynna okkar eigin háskóla.

Social Activities

- **How is your relationship with other students?**
Samband mitt við aðra tékkneska nemendur var mjög fínt. Það átti sér aðeins stað í kennslustundum því skiptinemahópurinn er mjög stór og erfitt er að kynna öðrum tékkneskum nemendum til að mynda vinasamband.
- **How is the relationship among the exchange students?**
Skiptinemarnir eru mjög margir og strax frá upphafi mynduðust stórir hópar og héldu sig saman að einhverju leyti og svo minni hópar sem voru stöðugt saman. Samband mitt við aðra skiptinema var mjög gott og ég tel mig mjög lánsama að hafa farið ein út í skiptinámið því þannig tókst mér örugglega að kynna mun fleiri krökkum en annars og ég þurfti að tala ensku alla dvölina mína. Í heildina litið voru engin vandræði milli skiptinema. Öllum þykir vænt hverjum um annan og mjög sérstakt samband myndaðist á milli flestra. Við erum eins og ein stór fjölskylda.
- **Is there a student organization, and if so, are the exchange students part of it?**
The Buddy system skipuleggur alla viðburði fyrir nemendur og sérstaklega skiptinema í skólanum. Þeir eru einnig innan handa ef skiptinemar þurfa hjálp við eitthvað.
- **Are there any special activities and gatherings for exchange students?**
The Buddy system skipuleggur endalaust af viðburðum, fyrir utan vikulegt party fyrir alla skiptinemana. Party, ferðalög, ferðir í paintball, canoing, sky diving, ferðir í bjórverksmiðjur og fleiri party. Sömuleiðis ferðalag til að hrista hópinn saman í kynningarvikunni í upphafi.
- **How do you like it at the school?**
Vinnuálagið er ekki eins mikið og í Háskólanum í Reykjavík og ég er nokkuð viss um að sumir kennaranna voru með litlar væntingar til skiptinemanna og þar af leiðandi var námið frekar létt í sumum áföngunum. Ég var lánsöm með kennara, og fékk nokkra gestafyrirlesara sem voru áhugaverðir. Skólabyggingin sjálf er mjög stór og erfitt er að hanga eingöngu með þeim vinum sem þú kynnist fyrst því allir eru í ólíkum kúrsum á mismunandi tímum. Þar af leiðandi kynnist þú betur þeim skiptinimum sem eru með þér í kúrsnum og ferð með þeim í matarhlé og ég vil meina að skólinn sé mjög góður vettvangur til að kynna breiðari vinnuálagi. Aðstaðan er mjög góð í flestum tilfellum.

Culture and Language

- **Do you have any language problems with the faculty or other students?**
Flestir kennarar í skólanum tala mjög góða ensku, aftur á móti er starfsfólk í skólanum, s.s. næturverðir, hreingerningarfólk, starfsfólk á kaffihúsinu/mötuneytunum með nánast enga kunnáttu í ensku. Engin vandkvæði voru með tungumálaskilning milli nemenda.
- **How are the possibilities to experience the country and the culture?**
Prag er höfuðborgin í Tékklandi og satt best að segja fallegasta borg sem ég hef komið til í Evrópu og ég hef ferðast víða. Það er nóg að sjá og skoða, borgin er full af menningararfleifðum. Þrátt fyrir að ég reyndi að skoða alla Prague, dvaldi hér í 4 mánuði, þá var ég enn þá í síðustu vikunni minni að finna nýja og skemmtilega staði í Prag. Sömuleiðis er auðvelt að ferðast til minni bæja í Tékklandi sem og nágrennalanda. Ferðakostnaðurinn er ekki mikill í flestum tilfellum.

Cultural and Social Effects from the Exchange Experience

- **How do you think the exchange experience will affect you from a cultural and social point of view?**
Ég finn það strax í lok annarinnar að ég er með víðari sýn á öllu, sérstaklega þegar það kemur að ólíkum einstaklingum. Í dag finnst mér Íslendingar upp til hópa mjög fordómafullir og dómharðir og dæma oft fólk út frá t.d. klæðaburði. Ég er ekki enn þá komin heim til Íslands, þannig að kannski á ég eftir að breyta skoðun minni þegar ég kem heim. Menningarlega séð er ég farin að meta meira gamlan byggingarstíl og mér finnst Íslendingar vera að eyðileggja fallegu Reykjavík með því að rumpa af t.d. einu stykki Óperuhúsi, í stað þess að leggja meiri vandvirkni í hlutina.
- **How do you think the exchange experience influences your future career possibilities?**
Ég tel að skiptinámið hafi gert mig að betri einstaklingi og í gegnum það muni mér vegna betur á framabrot minni en frekar sem einstaklingur, ekkert endilega tengt náminu.

III ACADEMIC INFORMATION

The Teaching situation

- In which language are the courses taught? Any problems?
Áfangarnir eru kenndir á ensku, hægt er að velja kúrsa sem eru kenndir á öðrum tungumálum, s.s. frönsku, þýsku, rússnesku, tékknesku o.s.frv. Ég mæli ekki með því að taka einhvern kúrs á tékknesku. Engin vandræði með það.
- How would you evaluate the level of study in relationship to the level at RU?
Skólinn er auðveldari. Ég er í grunnnámi í HR núna en ég sat í masters kúrsnum og þeir voru ekkert hræðilega erfiðir. Kennararnir hafa minni væntingar til nemendanna en heima en það er kannski gefið þar sem við erum hér sem skiptinemar en ekki fastir námsmenn.
- Is the teaching primarily practical or theoretical?
Í þeim áföngum, sem ég tók, var kennsluáferðin meira fræðileg en hagnýt.
- Are the professors using cases, group work or lectures (or a mix)?
Kennararnir notuðu mismunandi aðferðir við kennslu og fór það eftir áfanganum. Ég sat í tímum þar sem kennarar notuðu eingöngu fyrirlestra og umræður en ég var líka í áföngum þar sem var mikið mix af þessu öllu.
- How is the workload compared to that at RU?
Vinnuálagið í HR er margfalt meira en í háskólanum mínum úti í Prag.
- How is the relationship between faculty and students?
Sambandið er gott milli háskóladeildarinnar og nemenda og auðvelt er að nálgast allar upplýsingar sem maður hefur þörf á. Alþjóðaskrifstofan er þar sérstaklega dugleg við að hjálpa. Hægt er að senda email og maður fær fljótt svar eða fara á skrifstofutíma til að leita svara og þú færð þau yfirleitt strax.
- What is the relationship between the students in the classroom?
Nemendurnir eru oftast bæði skiptinemar og tékkneskir nemendur og af minni reynslu voru allir nemendurnir góðir félagar, jafnvel þótt þeir væru tékkneskir og skiptinemar.

Required Literature

- Is the literature in English?
Leseftnið er á ensku, bæði skólabækurnar og aukaefni.
- How do you estimate the level of the literature?
Skólabækurnar voru svipaðar og þær sem við notum í HR og aukaefni var tiltölulega auðlesid.
- Is the literature used for detailed knowledge or a broad overview?
Í þeim áföngum sem ég tók þá var leseftnið aðallega notað sem ítareftni. Í sumum áföngum voru ekki notaðar kennslubækur.
- Is exam based on the literature or on the lectures?
Prófin voru byggð ýmist á efni út kennslubókum og í öðrum áföngum var megináherslan lögð á það efni sem farið var yfir í tímum og kennslubókin einungis notuð sem ítareftni.

Exams

- What types of exams were you given?
Í þeim áföngum sem ég tók voru bæði skrifleg- og krossapróf en engin munnleg próf. Ég veit hins vegar til þess að munnleg próf eru notuð í sumum áföngum.
- What knowledge level was required to pass the exams?
Prófin voru misauðveld, sum voru afar létt á meðan önnur kröfðust mikils undirbúnings.

Other

- Do students have easy access to the library and it's resources?

Já, nemendur hafa auðveldan aðgang að bókasafninu. Tvö bókasöfn voru til staðar, annað í skólabyggingunni og hitt á svæðinu þar sem heimavistirnar voru.

- **How is the access to the computers?**
Tölvuaðgangur var auðveldur. Hægt er að nota öll tölvuherbergi í skólanum, ca.3 slík en þau tölvuherbergi eru með tékknesku tölvuborði og tékknesku tungumáli. Hins vegar voru skiptinemarnir með aðgang að sértölvuherbergi í nýju byggingunni þar sem tölvuborðin voru á ensku, tungumálið á ensku og tölvurnar mun nýrri en í hinum tölvuherbergjunum. Einnig er tölvuherbergi í sama húsnæði og bókasafnið á heimavistasvæðinu. Í heimavistinni sjálfri er nettenging en aðeins í gegnum kapal sem maður þarf sjálfur að koma með.
- **How is IT used in the teaching or as a distributor of information?**
Internetið er notað mjög mikið til skilaboða, einkunnagjafa, verkefnaútdelingu o.fl., alveg eins og í HR. Tölvukerfið er þó ekki Myschool heldur heitir það ISIS.

Description of Courses

<u>Course name:</u>	<u>Exam</u>	<u>Approved as</u>
2RU131 Elementary Czech for foreigners <i>Frekar erfitt tungumál en mæli samt með áfanganum því margir tékkar tala ekki ensku. Gott að geta tjáð sig á þeirra tungumáli.</i>	2 próf, mið og loka	Valfag(6 ein)
2MO432 International marketing for exchange students. <i>Frekar erfiður áfangi, ágætis vinnuálag en samt skemmtilegur áfangi.</i>	2 próf, mið og loka	Valfag (6 ein)
3PA661 People management in multicultural environment. <i>Frábær kennari, mæli eindregið með þessu "intensive course". Frekar léttur en mjög lærdómsríkur.</i>	Ekkert lokapróf	Valfag (4 ein)
3PA667 Strategic leadership and management in CSR. <i>Ekkert sérstakur áfangi. Smá vinnuálag og kennarinn ekkert sérstakur.</i>	Ekkert lokapróf	Valfag (4 ein)
2MO314 International trading with intangibles. <i>Leiðinlegur áfangi. Kennarinn lélegur. Vinnuálag ekki mikið og ekkert lokapróf.</i>	Ekkert lokapróf	Valfag (3 ein)
2MO643 Intercultural negotiation. <i>Mjög áhugaverður og skemmtulegur áfangi. Kennarinn æðislegur og náði vel til nemendanna. Mæli með þessum áfanga.</i>	Skriflegt lokapróf	Valfag (3 ein)

Engin þörf var á undanfara fyrir neinn af þessum kúrsum.

Any other experiences:

Frábær borg og frábært skiptinám. Mæli eindregið með þessu!

Names and e-mails:

The International Office will appreciate if you will inform about your e-mail addresses, so that other students can contact you for more information.

Hrafnhildur Sigurðardóttir

Email: hrafnhildurs08(at)ru.is